

Ársfundur Vorstehdeildar HRFI. 2018

Ársfundur Vorstehdeildar var haldinn í húsnæði HRFI mánudaginn 19.03.2018

Formaður deildarinnar Guðmundur Pétursson setur fundinn og stingur upp á Braga Egilssyni sem fundarstjóra og er hann samþykktur einróma.

Fundarstjóri þakkar traustið og stingur upp á Eydísi Grétu sem ritara fundar sem er samþykkt einróma.

Formaður les skýrslu stjórnar.

Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrslu stórnar og hún samþykkt.

Fundarstjóri spyr formann um fjárhagsstöðu deildarinnar og svarar formaður að til séu rúmlega kr.130.000 inni á reikningi deildarinnar. Upplýsir formaður í leiðinni að búið sé að borga fyrir flug og aðra pósta fyrir dómara vorprófsins sem deildin heldur í vor. Engar athugasemdir voru gerðar við fjárhag deildarinnar.

Þá var komið að liðnum kosningu stjórnar. Tvö sæti voru laus en Guðmundur Pétursson hafði setið í 2 ár, en Guðni Stefánsson hafði tekið við af Sigríði Hrólfsdóttur (sem hafði sagt af sér á síðasta ársfundi vegna persónulegra ástæðna) og setið eitt ár. Spurði fundarstjóri hvort einhver gæfi kost á sér í stjórn og buðu þeir Guðmundur og Guðni sig aftur fram til 2.ára. Aðrir gáfu ekki kost á sér og voru þeir því kosnir sjálfkrafa og var klappað fyrir því.

Þá var komið að liðnum afhending verðlauna fyrir stigahæstu hunda deildarinnar.

Veiðimela Jökull í eigu Friðriks Friðrikssona var stigahæsti Vorsteh hundurinn bæði í OF (opnum flokk) og OA (over all) flokk með 26.stig. Frábærlega gert hjá þeim Friðrik og Jökli og fengu þeir hamingju óskir og klapp frá fundargestum. Óskar stjórn deildarinnar þeim félögum innilega til hamingju með frábæran árangur.

Stigahæsti hundur deildarinnar í KF (keppnisflokk) var Heiðnabergs Gleipnir von Greif með 25. Stig. Heiðnabergs Gleipnir er í eigu Jón Svans Grétarssonar. Óskar stjórn deildarinnar þeim félögum innilega til hamingju með frábæran árangur.

Þá var komið að liðnum önnur mál.

Kjartan Antonsson fær orðið og segir sína skoðun á því að honum finnst stjórn deildarinnar ekki vera að standa sig. Talar hann sérstaklega um að stjórnarfundir komi ekki á netið og ómögulegt sé fyrir meðlimi deildarinnar að vita hvað stjórn er að gera. Einnig lýsir Kjartan yfir óánægju með að samskipti stjórnar við stjórn HRFI skuli ekki vera sýnileg deildarmeðlimum.

Lárus Eggertsson stjórnarmaður svaraði því til að haldnir hefðu verið tveir fundir varðandi breytingar á veiðiprófareglum og því verki væri ekki lokið. Þegar sú vinna væri búin yrði haldinn fundur með meðlimum deildarinnar til að kynna þær breytingar sem kunna að verða.

Kjartan spurði í framhaldinu hversu margar eða hversu margir aðilar hefðu sent inn breytingartillögu og hvort það yrði upplýst þegar þar að kæmi hver hefði sent inn breytingartillögu og þá hvaða tillögu. Einnig hvort að allar tillögur sem bárust væri teknar til greina varðand jafnræði eða hvort hugsanlega tillögur stjórnarmeðlima deildanna myndu veða þyngra?

Lárus svaraði því til að hann væri viss um að allar tillögur væru teknar jafnt til greina hver sem niðurstaðan yrði. Einnig að hann sæi ekki ástæðu fyrir því af hverju það ætti að vera leyndarmál hverjir sendu hvaða tillögur inn en hann yrði samt að ræða það við nefndina.

Kjartan gagnrýndi einnig að deildin hefði ekki haldið einn einasta deildarfund á árinu sem gerði meðlimum deildarinnar enn erfiðara að fylgjast með hvað væri í gangi hverju sinni hjá deildinni. Vildi hann að deildin héldi að lágmarki 1.fund á ári en helst 2. Tók stjórn vel í þá tillögu.

Jón Garðar Þórarinsson spurði hvort mögulegt væri að stjórn deildarinnar mismunaði meðlimum hennar þegar kæmi að heimasíðu og facebook síðu deildarinnar? Tók hann sem dæmi að hudurinn Heiðnabergs Bylur von Greif hefði náð 1.einkunn á síðasta veiðiprófi, Ella prófinu en ekkert hafi birst um það hvorki á facebook eða heimasíðu deildarinnar. Þar væri hægt að sjá allt um sýningarárangra Vorsteh hunda en ekki hvernig þeim vegnaði í veiðipófum.

Guðmundur Pétursson formaður deildarinnar svarað því til að meðlimum deildarinnar væri ekki mismunað heldur hefði þetta einfaldlega farist fyrir. Þessu yrði kippt í liðinn eins fljótt og mögulegt væri og það væri stefna deildarinnar að segja fréttir af árangri allra Vorsteh hunda.

Kjartan fordæmdi vinnubrögð stjórnar varðandi facebook síðu deildarinnar. Tók hann sem dæmi að tveimur póstum sem hann hefði póstað inn og hefðu verið samþykktir af stjórn hefðu síðan verið eytt út aftur af stjórnarmeðlim. Krafðist Kjartan þess að stjórn deildarinnar gerði verklagsreglur fyrir síðuna þar sem það gengi ekki að hægri höndin gæti samþykkt eitthvað sem sú vinstri henti síðan út.

Stjórn svaraði því til að hún væri búin að gera verklagsreglur sín á milli varðandi síðuna.

Jón Garðar spyr hvort ekki sé hægt að hafa facebook síðu deildarinnar opna. Tók hann facebook síðu Breton sem dæmi. Þar gætu allir séð og lesið en ekki tekið þátt nema vera vinir síðunnar. Stjórn sagðist myndu skoða málið.

Eydís Gréta Guðbrandsdóttir spurði hvort það væri ekki ráð fyrir deildina að hlúa betur að nýliðum, til dæmis með námskeiðum og fl. og einnig hvort deildin ætti ekki að standa fyrir sýningarþjálfun sem væri góð tekjuöflun fyrir deildina.

Sigurður Arnet Vilhjálmsson stjórnarmaður tók undir með Kjartani varðandi að upplýsa þyrfti meðlimi nánar hvaða vinna sé í gangi hjá stjórn hverju sinni.

Friðrik Friðriksson sagði að hann væri nýliði og hefði tekið þátt í flestum viðburðum á árinu 2017. Sagði Friðrik að það væri ekki mjög aðlaðandi fyrir nýliða að taka þátt þegar til dæmis niðurrifs skrif fengju að standa á facebook síðu deildarinnar og fl. Gangrýndi hann meðal annars Kjartan fyrir hans skrif á síðuna. Fullyrti Friðrik að Kjartan hefði gert lítið úr árangri Veiðimela Jökuls á sýningum.

Tók hann sem dæmi eina færslu þar sem Kjartan átti að hafa sagt að þegar þeir hundar sem yfirleitt væru sigurvegarar mættu ekki til leiks þá sigruðu lakari hundar í skjóli þess.

Kjartan sagði Friðrik misskilja færsluna. Hann væri ekki að gera lítið úr neinum og útskýrði það sem hann hafi átt við. Þ.e.a.s að eðlilega gengi hundum betur á sýningum þegar hætt er að sýna þeirra helstu keppinauta.

Kjartan sagðist ekki kannast við það þar sem það væri ekki hans stíll og því síður þegar hann þekkti ekki ekki viðkomandi. Bað Kjartan Friðrik um að koma með dæmi eða vitna í ákveðin skrif þar sem hann væri viss um að um misskilning væri að ræða.

Kjartan spurði stjórn deildarinnar hvort það gæti verið góð hugmynd að Vorstehdeild héldi hvolpanámskeið þegar Vorsteh hvolpar yrðu til dæmis 6.mánaða gamlir. Það yrði haft samband við ræktanda þeirra eða eigendur og bjóða upp á námskeið. Gæti hugsanlega aukið nýliðavirkni í deildinni.

Guðmundur spurði fundargesti hvort þeir hefðu kynnt sér breytingartillögur varðandi stigagjöf um stigahæstu Vorsteh hundana ár hvert.

Jón Garðar gerði athugasemd varðandi sýningarstiginn. Taldi hann ekki réttlátt að hundar geti nýtt sýningarstigið 2x úr hverri sýningu. Breytingartillaga var lögð fyrir fundinn að sýningarstig gæti mögulega bara talið einu sinni í Over all keppninni, en sýningarstigið væri tekið inn í UF,OF og KF

keppnirnar samhliða eftir því hvar hundur tekur þátt. Var tillagan samþykkt og mun stjórn deildarinnar koma fljótlega með útskýringar.

Þeir sem sátu fundinn

Guðmundur Pétursson

Lárus Eggertsson

Sigurður Arnet Vilhjálmsson

Gunnar Róbert Pétursson

Guðni Stefánsson

Díana Sigurfinnsdóttir

Gréta Guðbrandsdóttir

Friðrik Friðriksson

Kjartan Antonsson

Jón Garðar Þórarinsson

Óskar Hafsteinn Halldórsson

Ólafur Örn Ragnarsson

Eypór Ingi Gunnarsson